

# **Félag prófessora við ríkisháskóla**

**Ársreikningur 2021**

Félag prófessora við ríkisháskóla  
Hagatorgi  
107 Reykjavík

Kt. 490896-2369

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Áritun skoðunarmanna .....	6
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10
Sundurliðanir .....	12
Starfsþróunarsjóður prófessora .....	13

## Skýrsla og áritun stjórnar

---

Félag prófessora við ríkisháskóla er stéttarfélag prófessora við íslenska ríkisháskóla, þ.e. Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam afgangur af rekstri félagsins 10,2 millj. kr. og Starfsþróunarsjóðs prófessora 35,9 millj. kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok rekstrarárs nam 39,5 millj. kr. og eigið fé Starfsþróunarsjóðs nam 79,0 millj. kr.

Stöðugildi hjá félaginu voru 0,6. Launagreiðslur félagsins námu um 6,6 millj.kr. á rekstrarárinu (2020: 6,5 millj.kr.). Þóknun fyrir stjórnarsetu nam 5,0 millj. kr. (2020: 4,0 millj. kr.).

Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu rekstrarári.

Við undirritaðir stjórnarmenn í Félagi prófessora við ríkisháskóla staðfestum hér með ársreikning þennan fyrir árið 2021.

Reykjavík, 9. maí 2022

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags prófessora við ríkisháskóla fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, áritun óháðs endurskoðanda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, aðrar skýrningar og rekstrar- og efnahagsreikning Starfsþróunarsjóðs prófessora. Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félaganna á árinu 2021, efnahag þeirra 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Félagi prófessora við ríkisháskóla í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Félag háskólafrófessora við ríkisháskóla. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhaglega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

\* Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

---

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.

\* Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

\* Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

\* Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

\* Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 9. maí 2022

## Endurskoðun og reikningshald ehf.

---

Ágústa K. Guðmundsdóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Áritun skoðunarmanna

---

Við undirritaðir skoðunarmenn Félags prófessora við ríkisháskóla höfum skoðað ársreikning þennan fyrir árið 2021, en hann hefur að geyma rekstrarreikning ársins 2021, efnahagsreikning 31. desember 2021, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar og rekstrar- og efnahagsreikning Starfsþróunarsjóðs prófessora.

Við höfum gert þær kannanir á bókhaldi, bókhaldsgögnum, eignum og skuldum félagsins sem við töldum nauðsynlegar og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 9. maí 2022

## Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrartekjur</b>			
Félagsgjöld .....		32.283.267	29.305.319
		32.283.267	29.305.319
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3	12.909.155	11.887.792
Kostnaður við félagsstarfsemi .....		223.689	355.617
BHM aðildargjald.....		5.941.103	7.021.514
Skrifstofukostnaður .....		3.098.555	2.399.206
		22.172.502	21.664.129
Rekstrarafgangur.....		10.110.765	7.641.190
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		103.445	408.341
Fjármagnstekjuskattur .....		(22.758)	(89.779)
		80.687	318.562
<b>Afgangur .....</b>	<b>4</b>	<b>10.191.452</b>	<b>7.959.752</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Félagsgjöld, óinnheimt .....		2.154.703	2.010.017
Krafa á Starfsþróunarsjóð.....		69.248	277.008
Handbært fé.....		39.242.511	29.692.653
<b>Veltufjármunir</b>		41.466.462	31.979.678
<b>Eignir samtals</b>		41.466.462	31.979.678
 <b>Skuldir og eigið fé</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....		39.460.474	29.269.022
<b>Eigið fé</b>	4	39.460.474	29.269.022
 <b>Langtímaskuldbindingar</b>			
Lífeyrisskuldbinding .....	5	1.460.423	1.460.423
<b>Langtímaskuldbindingar</b>		1.460.423	1.460.423
 <b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir.....		256.239	850.509
Aðrar skammtímaskuldir.....		0	399.724
<b>Skammtímaskuldir</b>		256.239	1.250.233
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		1.716.662	2.710.656
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		41.177.136	31.979.678



## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
Rekstrarafgangur.....		10.110.765	7.641.190
Veltufé frá rekstri án vaxta		10.110.765	7.641.190
Skammtímafröfur, lækkun.....		63.074	295.024
Skammtímaskuldir, lækkun.....		(993.994)	(176.759)
Handbært fé frá rekstri án fjármunatekna		9.179.845	7.759.455
Innborgaðir vextir að frádregnum fjármagnstekjuskatti.....		80.687	318.562
Handbært fé til rekstrar		9.260.532	8.078.017
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		<b>9.260.532</b>	<b>8.078.017</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<b>29.692.653</b>	<b>21.553.962</b>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<b>39.242.511</b>	<b>29.692.653</b>

# Skýringar

## 1 Starfsemi

Félag prófessora við ríkisháskóla er stéttarfélag prófessora við íslenska ríkisháskóla, þ.e. Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands. Aðsetur félagsins er við Hagatorg í Reykjavík.

## 2 Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu þeirra. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Skráning tekna

Félagsgjöld eru tekjufærð á því tímabili sem þau falla til.

### Skráning gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar til tekna á því tímabili sem þær tilheyra. Fjármagnskostnaður er færður í ársreikninginn á því tímabili sem hann fellur til.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði.

### Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi.

## 3 Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2021	2020
Laun .....	6.567.536	6.534.088
Hlutur Starfsþróunarsjóðs prófessora í launum .....	(656.754)	(653.409)
Þóknun til stjórnar.....	4.963.707	3.954.500
Lífeyrissjóðsgjöld .....	1.278.700	1.268.270
Tryggingagjald .....	478.622	495.450
Sjóðagjöld stéttarféлага .....	84.624	57.943
Lífeyrir vegna fyrrverandi starfsmanna .....	172.296	211.362
Tryggingar starfsfólks .....	20.424	19.588
	<u>12.909.155</u>	<u>11.887.792</u>

Stöðugildi .....

	0,6	0,6
--	-----	-----

## 4 Yfirlit um eigið fé

Eigið fé í ársbyrjun .....	29.269.022	21.309.270
Afgangur ársins .....	10.191.452	7.959.752
Eigið fé í árslok .....	<u>39.460.474</u>	<u>29.269.022</u>

# Skýringar

---

## 5 Skuldbindingar

Á félaginu hvíla lífeyrisskuldbindingar vegna fyrrverandi starfsmanna sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, vegna hluta þeirrar verðbreytingar, sem verður á eftirlaunum starfsmanna, eftir að grunneftirlaun eru ákveðin þegar starfsmenn fara á eftirlaun. Skuldbinding þessi nam kr. 1.460.423 í árslok 2020 er skuldbindingin var reiknuð af sérfræðingum og verður hún næst reiknuð í árslok 2023. Gjaldfærðar greiðslur vegna þessara lífeyrisskuldbindinga námu 172.296 kr. árið 2021 og 211.362 kr. árið 2020.

## Sundurliðanir

	2021	2020
<b>Kostnaður við félagsstarfsemi</b>		
Ráðstefnur og fundir .....	0	24.400
Erlent samstarf .....	0	31.500
Kaffi og fundarkostnaður .....	172.589	149.717
Fastagjald BHM .....	0	150.000
Árshátið, jólahlaðborð og aðrar samkomur .....	51.100	0
	<u>223.689</u>	<u>355.617</u>
<b>Skrifstofukostnaður</b>		
Húsaleiga .....	929.781	889.465
Reiknistofnun H.Í., rekstur tölvukerfis og sími .....	643.624	305.999
Endurskoðun og uppgjör.....	1.152.062	958.044
Ritföng, pappír og prentun .....	130.298	14.176
Auglýsingar .....	124.153	98.602
Bankakostnaður, þjónustugjöld .....	103.848	89.316
Tækifærisgjafir o.fl. ....	14.789	43.604
	<u>3.098.555</u>	<u>2.399.206</u>

## Starfsþróunarsjóður prófessora

### Rekstrarreikningur ársins 2021

	2021	2020
<b>Rekstrartekjur</b>		
Framlag í starfsþróunarsjóð .....	41.877.430	35.851.958
	41.877.430	35.851.958
<b>Rekstrargjöld</b>		
Laun stjórnar .....	502.734	484.300
Laun .....	656.754	653.409
Styrkir .....	4.832.097	7.800.876
Ferðakostnaður .....	71.885	0
Stjórnarfundir og annar kostnaður.....	47.428	0
	6.110.898	8.938.585
Rekstrarafgangur.....	35.766.532	26.913.373
<b>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</b>		
Vaxtatekjur .....	254.472	190.579
Fjármagnstekjuskattur .....	(99.569)	(20.185)
	154.903	170.394
<b>Afgangur</b> .....	35.921.435	27.083.767

### Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	2021	2020
<b>Eignir</b>		
Handbært fé.....	79.102.562	43.388.887
<b>Eignir samtals</b>	79.102.562	43.388.887
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
Frá fyrra ári .....	43.111.879	16.028.112
Afgangur ársins .....	35.921.435	27.083.767
<b>Eigið fé</b>	79.033.314	43.111.879
Ógreitt til félagssjóðs.....	69.248	277.008
<b>Skammtímaskuldir</b>	69.248	277.008
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	79.102.562	43.388.887